

**Nd.**

## **361. Frumvarp**

til laga um breyting á l. nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

**2. gr. laganna orðist svo:**

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skipti 1932.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kaupsins, í fyrsta skipti 1932.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kaupsins aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kaupsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvörum.

### **2. gr.**

**2. málsg. 3. gr. laganna orðist svo:**

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

### 3. gr.

2. og 3. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.

### 4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein:

6. gr.: Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 5. gr. 7. hð, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### 6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1929 og gefa þau út svo breytt sem lög um verkamannabústaði.